Ársskýrsla 2004

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Ríkislögreglustjórinn

Ársskýrsla 2004

Rekstur og starfsemi

Útgefandi: Ríkislögreglustjórinn
www.rls.is
www.logreglan.is
Ritstjóri: Guðmundur Guðjónsson yfirlögregluþjónn
Umsjón: Rannveig Þórisdóttir félagsfræðingur
Yfirmenn sviða hjá ríkislögreglustjóra tóku saman upplýsingar, hver um sitt svið
Hönnun: Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu ehf.
Ljósmyndir: Foto.is sf. Júlíus Sigurjónsson og Myndasafn ríkislögreglustjóra
Prentvinnsla: Svansprent ehf.
Útgefið í júní 2005

Efnisyfirlit

Aðfaraorð ríkislögreglustjóra 5

Svið 1 7

Svið 2 15

Svið 3 23

Svið 4 27

Svið 5 33

Viðauki 1 38

Viðauki 2 42

Aðfaraorð ríkislögreglustjóra

Störf lögreglunnar eru stöðugt til endurskoðunar enda er mikilvægt að þau séu í takt við þær breytingar sem verða í samfélaginu á hverjum tíma. Á síðustu misserum hefur krafan um markvissara starf og aukna sérhæfingu aukist en ekki síður krafan um að nýta betur þá miklu þekkingu og reynslu sem lögreglan býr yfir. Í þessu sambandi skiptir máli að samræma verklag og gera það skilvirkara, meðal annars með útgáfu leiðbeininga og reglna sem er ein af meginforsendum þess að vel takist til. Þetta hefur skilað sér í markvissari vinnubrögðum lögreglunnar en áður.

Nú er verið að vinna að því að styrkja tengsl ríkislögreglustjóra og lögreglustjóranna, meðal annars með fundum þar sem farið er yfir stöðu mála í hverju lögregluumdæmi. Með þessu næst betri yfirsýn og meiri samræming milli lögregluembætta. Í tengslum við þetta er verið að undirbúa svonefnda verkefnamiðaða löggæslu, sem meðal annars felur í sér ákveðnar aðferðir við að taka skipulega á hinum margvíslegu verkefnum lögreglu.

Innri málefni lögreglunnar hafa verið til skoðunar af hálfu embættisins og hefur það staðið fyrir útgáfu starfsmannastefnu og siðareglna. Lögregluembættin hafa verið hvött til þess að setja sér skýr markmið um að fækka afbrotum í umdæmum sínum og til að aðstoða lögreglustjórana í þessum efnum hefur aukin áhersla verið lögð á fræðilegar rannsóknir og samantektir á viðfangsefnunum. Samstarf á milli stofnana og vinna sérfræðinga við ólíka þætti starfseminnar hefur einnig vaxið. Þessar áherslur koma meðal annars fram í markmiðum sem embættið setti sér fyrir árin 2004 og 2005 en þau eiga að skila sér í markvissari og betri löggæslu.

Mikilvægt er að meta hvaða áhrif erfið og annasöm viðfangsefni geta haft á lögreglumenn og hvernig tekið er á því í starfsumhverfi þeirra. Áhersla hefur verið lögð á að skoða þetta nánar til þess að hægt sé að leggja til úrbætur þar sem þeirra er helst þörf. Má nefna að á vegum embættisins hefur verið unnið að tillögum sem bæta eiga starfsumhverfi lögreglunnar. Enn fremur hefur verið unnið að viðamiklum fræðilegum rannsóknum á síðustu misserum um innri málefni lögreglunnar og verkefni hennar. Þeir sem hafa sérþekkingu á viðkomandi sviði hafa unnið þessar rannsóknir og þeir hafa haft samvinnu við aðra, svo sem háskólana hér á landi. Óhætt er að fullyrða að þetta starf muni hafa jákvæð áhrif á áframhaldandi faglega uppbyggingu innan lögreglunnar. Ársskýrslan gefur allgóða mynd af þessari vinnu.

Júní 2005

Haraldur Johannessen, ríkislögreglustjóri.

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI
THE NATIONAL COMMISSIONER

Svið 1

Rekstur embættis ríkislögreglustjóra

Á síðasta ári jókst rekstrarkostnaður embættisins um tæplega 17% frá árinu á undan. Munar þar miklu um aukinn kostnað vegna aðkeyptrar þjónustu og vegna birfreiða og véla. Launakostnaður jókst einnig milli ára en á sama tíma lækkaði kostnaður vegna húsnæðis um 29%.

Tafla 1.
Rekstrarkostnaður vegna embættis ríkislögreglustjóra frá 1999 til 2004

Gjaldaliðir

(allar tölur í þúsundum króna)	1999	2000	2001	2002	2003*	2004**
Laun	216.529	277.332	328.734	418.182	465.163	567.190
Ferðir og fundir	30.375	41.974	45.398	51.827	45.893	53.502
Rekstrarvörur	10.942	15.943	15.929	26.691	18.531	24.089
Aðkeypt þjónusta	55.105	81.159	86.473	91.128	67.496	90.278
Húsnæði	24.514	52.364	32.490	43.307	81.888	57.852
Bifreiðar og vélar	354	156	81	14.672	16.183	21.206
Vextir, bætur, skattar	483	511	590	256	341	209
Eignakaup	5.384	59.991	23.416	44.721	15.832	16.292
Tilfærslur	512	468	678	1.079	2.223	2.317
Rekstrarkostnaður alls	**344.198**	**529.898**	**533.789**	**691.863**	**713.550**	**832.935**
Sértekjur samtals	**-19.342**	**-54.051**	**-18.866**	**-30.417**	**-29.529**	**-33.864**
Markaðar tekjur					**-5.064**	**-5.333**
Gjöld umfram sértekjur	**324.856**	**475.847**	**514.923**	**661.446**	**678.957**	**793.738**

* Endanlegar tölur fyrir 2003

**Tölur fyrir 2004 eru byggðar á bráðabirgðauppgjöri

Tafla 2.
Sundurliðaður kostnaður vegna eignakaupa frá 1999 til 2004

Sundurliðun helstu liða

(allar tölur í þúsundum króna)	1999	2000	2001	2002	2003*	2004**
Húsgögn	386	15.603	2.439	8.012	2.507	2.510
Tölvubúnaður	1.746	3.675	7.626	3.138	3.767	2.467
Sjónvörp	0	55	170	297	40	11
Síma- og fjarskiptabúnaður	1.613	21.588	7.660	9.128	457	559
Skrifstofuvélar	0	650	0	1.402	0	0
Eldhús- og ræstingaráhöld	0	131	0	0	87	65
Önnur áhöld og tæki	1.639	18.289	5.521	22.744	8.974	10.680
Eignakaup samtals	**5.384**	**59.991**	**23.416**	**44.721**	**15.832**	**16.292**

* Endanlegar tölur fyrir 2003
**Tölur fyrir 2004 eru byggðar á bráðabirgðauppgjöri

Alþjóðamál

Segja má að starfsemi alþjóðadeildar sé komin í nokkuð fastar skorður eftir miklar breytingar á alþjóðlegu lögreglusamstarfi hér á landi undanfarin ár, m.a. vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu og samstarfssamnings við Europol.

Auk þess sem deildin er landsskrifstofa fyrir Interpol, Europol, norrænt samstarf lögreglu og tollgæslu (PTN), lögreglusamstarf Eystrasaltsríkja og Norðurlanda og Schengen-samstarfið (Sirene) annast hún skoðun áhafna- og farþegalista allra skipa sem til landsins koma og gefur út staðfestingu á ökuréttindum Íslendinga erlendis. Þá er framkvæmd brottvísana orðin verulega stór þáttur í starfsemi deildarinnar og má gera ráð fyrir frekari aukningu þar á, á komandi árum.

Interpol

Þótt Interpol sé langelst þeirra alþjóðlegu lögreglustofnana sem Ísland er aðili að verður það ekki greint á starfseminni. Með tilkomu nýrra stjórnenda við stofnunina hefur verið lögð mjög mikil áhersla á uppbyggingu fjarskiptakerfis (I-24/7) sem tengist öllum aðildarlöndum. Hefur stofnunin leitast við að aðstoða þau ríki sem ekki hafa fjárhagslegt eða tæknilegt bolmagn til að tengjast kerfinu með því að leggja þeim til nauðsynlegan tækjabúnað og uppsetningu hans. Ísland var meðal þeirra aðildarlanda sem fyrst tengdust þessu kerfi.

Hið nýja fjarskiptakerfi gerir lögreglu kleift að senda fingraför sem viðhengi með tölvuskeytum og hefur það þegar sannað gildi sitt hér á landi. Vegna líkfundar í Neskaupstað snemma ársins var til að mynda ákveðið að senda fingraför hins látna út til aðildarlanda Interpol. Í ljós kom að í Þýskalandi höfðu verið tekin fingraför af manninum nokkru

áður sem leiddi til þess að upplýst varð hver hann var.

Þá hefur Interpol komið á fót viðbragðshópi sem sendur er til hjálpar þegar alvarlegir atburðir eiga sér stað. Nefna má sem nýleg dæmi hryðjuverk í Madríd og flóðbylgjuna stóru í Asíu en á báðum þessum stöðum kom Interpol upp stjórnstöð aðgerða til að samhæfa starfið.

Europol

Europol er sú fjölþjóðlega lögreglustofnun sem vaxið hefur hvað hraðast á undanförnum árum. Öll aðildarríkin eiga þar sína fulltrúa, bæði frá lögreglu og tollayfirvöldum. Enginn íslenskur fulltrúi starfar innan Europol en tengsl Íslands við stofnunina eru á grundvelli samstarfssamnings en ekki beinnar aðildar. Þess hefur orðið vart í auknum mæli að óskir um upplýsingar og samstarf vegna aðkallandi verkefna berast frá fulltrúum aðildarlanda stofnunarinnar til landsskrifstofunnar á Íslandi. Sem fyrr heldur Europol úti mjög öflugri greiningardeild t.d. varðandi skipulagða glæpastarfsemi og dreifir upplýsingum til aðildarlanda og samstarfsaðila.

Schengen

Fyrirsjáanlegar eru breytingar á Schengen-samstarfinu vegna inngöngu nýrra ríkja í Evrópusambandið. Af tæknilegum ástæðum ræður Schengen-upplýsingakerfið ekki við aukinn fjölda notenda og verður því að bíða þróunar og smíði nýrrar kynslóðar kerfisins áður en löndin geta orðið fullgildir aðilar að samstarfinu.

Verulegur hluti verkefna alþjóðadeildar felst í að skoða tilkynningar um eftirlýsta einstaklinga til handtöku og framsals og að bera áhafna- og farþegalista skipa saman við Schengen-upplýsingakerfið. Ávallt er nokkuð um að sá samanburður beri árangur, einkum vegna skráninga samkvæmt 96. gr. Schengen-samningsins, en þar er um að ræða einstaklinga sem ekki hafa heimild til komu inn á Schengen-svæðið. Í einu tilfelli fannst einstaklingur sem var eftirlýstur til handtöku og framsals til Finnlands samkvæmt 95. gr. Var sá handtekinn og framseldur skömmu síðar.

PTN

Unnið er að nokkrum átaksverkefnum innan PTN og má þar sérstaklega nefna samstarfsnefnd vegna mótorhjólagengja en þau hafa verið til mikilla vandræða á Norðurlöndum um árabil og eru talin leggja stund á skipulagða glæpastarfsemi.

Í líkfundarmálinu í Neskaupstað kom enn og aftur í ljós hversu mikilvægir norrænir sambandsmenn reynast aðildarlöndunum. Í því máli kom alþjóðadeild á beinu sambandi milli stjórnenda rannsóknarinnar og sambandsmannsins í Vilnius sem síðan hafði milligöngu um upplýsingaöflun við yfirvöld í Litháen. Í fleiri tilvikum hefur verið komið á beinu sambandi milli stjórnenda rannsókna og sambandsmanna í viðkomandi löndum.

Búast má við breytingum á fyrirkomulagi sambandsmanna í náinni framtíð. Komið hafa fram hugmyndir um að sambandsmenn sem staðsettir eru í löndum Evrópusambandsins verði fluttir til og hafi framvegis aðsetur í höfuðstöðvum Europol í Haag.

Samstarfssamningur lögreglu á Norðurlöndum er til sífelldrar endurskoðunar í því skyni að auðvelda og einfalda samstarfið enn frekar.

Fræðsla

Starfsmenn alþjóðadeildar hafa sem fyrr sinnt fræðslu um útlendingamál og notkun Schengen-kerfisins í Lögregluskólanum. Einnig hafa þeir aðstoðað við verklegar æfingar. Þessi fræðsla fer fram bæði á grunnnámskeiðum og framhaldsnámskeiðum en árið 2004 bættist fræðsla í þessum málaflokkum við stjórnunarnám skólans. Árið 2004 sá alþjóðadeild um samtals sex heilsdagsnámskeið um útlendingamál í grunn- og framhaldsdeild Lögregluskólans, auk þriggja styttri námskeiða.

Málefni útlendinga

Viðfangsefnum er snúa að málefnum útlendinga hefur fjölgað á síðustu árum, ekki síst hvað varðar ólöglegt vinnuafl. Þar er um að ræða vanda sem lögregla hefur ekki þurft að skipta sér mikið af á undanförnum árum en ljóst er að breyting er að verða þar á. Fyrir liggur að koma á aukinni samvinnu milli alþjóðadeildar og lögregluembættanna á þessu sviði svo að unnt verði að koma í veg fyrir að ólögleg starfsemi viðgangist. Áætlanir eru uppi um aukið samstarf á næstunni.

Brottvísunum útlendinga fer fjölgandi. Þær leiða af sér umfangsmikil verkefni í alþjóðadeild sem oft eru mjög erfið úrlausnar. Í mörgum tilfellum reynist afar erfitt að afla skilríkja fyrir fólk frá fjarlægum löndum sem hafa jafnvel engin sendiráð í grannríkjum okkar, en einkum er leitað til sendiráða sem staðsett eru á Norðurlöndum.

Á síðasta ári voru farnar 52 ferðir til eða frá landinu með 62 einstaklinga (mynd 1). Ólíkt fyrri árum voru nú farnar fleiri ferðir vegna refsimála en vegna hælisleitenda (mynd 2). Má það að einhverju leyti rekja til þess að tekin hefur verið upp sú regla að ákæra og dæma þá sem koma til landsins með fölsuð skilríki.

Mynd 1.
Fjöldi ferða og fjöldi einstaklinga sem fluttir voru til eða frá Íslandi á árunum 2000 til 2004.



Mynd 2.
Kostnaður við aðstoð og flutning útlendinga af landi brott og til Íslands á árunum 2000 til 2004.



Mynd 3.
Fjöldi hælisleitenda hjá ríkislögreglustjóra 2002 til 2004.



Tafla 3.
Skipting verkefna alþjóðadeildar 2001 til 2004

	2004	2003	2002	2001
Interpol	470	489	784	321*
Schengen/SIR	125	170	169	90**
PTN	133	182	171	125
Baltcom	2	4	3	5
Europol	247	224	122	8
Hælisleitendur/brottvísanir	61	75	73	60***
Annað	59	71	29	19
Kennispjöld	310	194		
Alls	**1.407**	**1.409**	**1.351**	**628**

*Liðurinn fíkniefnamál í ársskýrslu fyrir árið 2001 hefur verið felldur hér undir, alls 12 mál.
**Mál sem skráð voru sem Cirefi-mál í ársskýrslu fyrir árið 2001 hafa verið felld hér undir, alls 53 mál.
***Þessi mál voru skráð sem útlendingamál í ársskýrslu fyrir árið 2001, hér hefur málaflokkinum verið gefið nýtt heiti.

Á síðasta ári vann alþjóðadeild að 1.407 málum en skiptingu þeirra má sjá í töflu 3. Að auki vann deildin að 6.902 málum sem skráð voru í SIS-kerfið.

Lögfræðileg málefni

Nokkuð er um fyrirspurnir frá erlendum stofnunum um löggjöf og skipulag lögreglumála hér á landi. Auk þess veitir lagadeild allnokkrar umsagnir á hverju ári um lagafrumvörp og lögreglusamþykktir.

Ýmis önnur erindi tengd setningu reglna af ýmsu tagi um starfsemi lögreglunnar berast lagadeild til umsagnar og álitsgerðar.

Sótt um hæli

Skilríkjalaus útlendingur gaf sig fram á lögreglustöðinni á Akureyri þann 29. ágúst 2004 og sótti um hæli. Við skýrslutöku sagðist hann vera ríkisborgari í Kasakstan og að hann hefði komið til Íslands með ferjunni Norröna tveimur dögum áður og framvísað fölsuðum skilríkjum við komuna en fargað þeim síðan. Lögreglan á Akureyri hafði samband við alþjóðadeild ríkislögreglustjóra og óskaði eftir aðstoð við rannsókn málsins.

Manninum voru kynnt nauðsynleg skilyrði þess að fá hæli á Íslandi og dró hann þá umsókn sína til baka. Sýslumaðurinn á Akureyri tók ákvörðun um að vísa manninum frá Íslandi þar sem hann uppfyllti ekki þau skilyrði sem útlendingalög setja um komu erlendra ríkisborgara til landsins. Í samráði við alþjóðadeild var maðurinn færður til Reykjavíkur og fluttur til Reykjanesbæjar, þar sem bæjaryfirvöld samþykktu að veita honum húsaskjól meðan á meðferð málsins stæði. Nauðsynlegt var að finna út hver maðurinn var og útvega ferðaskilríki fyrir hann til að unnt væri að koma honum úr landi.

Fljótlega varð ljóst að maðurinn var ekki húsum hæfur og óskaði félagsþjónustan í Reykjanesbæ eftir því að maðurinn yrði fjarlægður frá gistiheimili því sem hann bjó á. Hann var drykkfelldur, hótaði starfsfólki og öðrum dvalargestum líkamsmeiðingum og var auk þess grunaður um ýmiss konar þjófnaðarbrot. Hann neitaði að verða við tilmælum lögreglu um að veita frekari upplýsingar um bakgrunn sinn að öðru leyti en því að tilgreina ríkisfang og fæðingardag og varð lögreglan því alfarið að treysta á samskipti við erlend lögregluyfirvöld.

Ákveðið var að gera kröfu um gæsluvarðhald yfir manninum og var hann úrskurðaður í gæsluvarðhald í tvær vikur á grundvelli útlendingalaganna. Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar, sem hafnaði kröfunni en dæmdi manninn til að sæta farbanni.

Í ljós kom að maðurinn var frá Litháen en ekki Kasakstan. Hann hafði hlotið tvo refsidóma í Svíþjóð og var annar þeirra vegna líkamsárásar á lögreglumann. Er fara átti með manninn til Litháen komu ýmis óvænt verðmæti í ljós við skoðun á farangri hans. Í fimm töskum og skjóðum var að finna glænýja hluti og þótti sýnt að meginhluti farangursins væri þýfi, enda hafði maðurinn engan farangur meðferðis er hann gaf sig fram við lögregluna og var auk þess félaus. Ákveðið var að leggja hald á munina í þágu rannsóknar málsins en maðurinn gaf enga viðhlítandi skýringu á því með hvaða hætti hann hafði aflað þeirra. Hann var síðan færður úr landi og til Litháen þann 2. desember 2004.

Svið 2

Öryggismál

Nokkrar annir voru hjá lögreglu vegna opinberra heimsókna og einkaheimsókna erlendra fyrirmenna árið 2004. Umfangsmestu viðfangsefnin voru heimsóknir konungshjóna og krónprinsessu Svíþjóðar og krónprins og krónprinsessu Noregs, sem og fundur forsætisráðherra Norðurlandanna. Lögreglan annaðist fylgd og öryggisgæslu vegna 17 heimsókna árið 2004 (tafla 4).

Þá fól ríkislögreglustjóri lögreglustjórunum í Reykjavík og Hafnarfirði að sjá um öryggisgæslu þegar 15 sendiherrar erlendra ríkja afhentu forseta Íslands trúnaðarbréf sín á árinu. Auk þess sá lögreglan á Keflavíkurflugvelli um öryggisgæslu á meðan sjö þjóðhöfðingjar og ráðherrar höfðu skamma viðdvöl þar.

Tafla 4.
Fjöldi heimsókna til Íslands 2004 þar sem ríkislögreglustjóri kom að skipulagningu og öryggisgæslu.

Mánuður	Nafn og titill/efni	Fjöldi fylgdarmanna
Mars	Fundur utanríkisráðherra Norðurlandanna	16
Maí	Forseti ungverska þingsins Arnold Rüütel, forseti Eistlands	10 45
Júní	Krónprins og krónprinsessa Noregs Liora Herzl, sendiherra Ísraels Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri NATO	15 2 5
Júlí	Wang Zhaoguo, varaforseti kínverska þingsins	20
Ágúst	Bill Clinton, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna Matti Vanhanen, forsætisráðherra Finnlands Göran Persson, forsætisráðherra Svíþjóðar Fundur forsætisráðherra Norðurlandanna Cherie Blair, forsætisráðherrafrú Bretlands	15 9 10 46 4
September	Konungshjón og krónprinsessa Svíþjóðar Tarja Halonen, forseti Finnlands	34 6
Október	Sylvia Heal, varaforseti breska þingsins	3
Nóvember	Ráðherrafundur Norðurskautsráðsins	25
Desember	Fundur Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO)	40

Sérsveit

Tillaga dómsmálaráðherra um eflingu sérsveitar ríkislögreglustjórans var samþykkt á fundi ríkisstjórnarinnar 10. febrúar 2004. Ákveðið var að færa þá 16 sérsveitarmenn sem störfuðu hjá lögreglustjóranum í Reykjavík til ríkislögreglustjórans auk þess sem fjölgað yrði í sérsveitinni með þeim hætti að starfandi yrðu 36 sérsveitarmenn hjá ríkislögreglustjóranum, 12 hjá lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli og fjórir hjá lögreglustjóranum á Akureyri. Sérsveit ríkislögreglustjórans yrði því skipuð 52 sérsveitarmönnum. Hjá lögreglustjóranum í Reykjavík voru síðan ráðnir tíu lögreglumenn í stað þeirra sem fluttir voru frá embættinu af þessum sökum.

Sérsveitin er eftir breytinguna starfrækt sem stoðdeild hjá ríkislögreglustjórum. Hún er óbundin af umdæmamörkum og er liðsstyrkur fyrir lögregluembættin á Suðvesturlandi og um allt land ef þörf krefur.

Reynslan af skipulagsbreytingunni er jákvæð og sú stefnumörkun sem sett hefur verið um sérsveitina var löngu tímabær og mun efla allan styrk lögreglunnar til þess að takast á við störf sín.

Alls sinnti sérsveitin 192 sérverkefnum á árinu. Þar má nefna verkefni vegna öryggisgæslu í 29 tilvikum og vopnaðra lögreglustarfa 38 sinnum. Þá voru lögregluembætti aðstoðuð 14 sinnum vegna hnífamanna og einstök fræðsluverkefni voru 25. Sprengjusérfræðingar sveitarinnar sinntu nokkrum verkefnum vegna öryggisleitar við opinberar heimsóknir og kafarar sveitarinnar leituðu sönnunargagna í nokkrum sakamálum.

Sérsveitin aðstoðaði Lögregluskólann við þjálfun í grunnnámi og framhaldsdeild hans, ásamt því að sinna þjálfun fyrir sérsveit fangavarða á Litla-Hrauni. Sérsveitin sá um þjálfun á tveimur námskeiðum í mannfjöldastjórnun fyrir lögreglu.

Þann 1. júlí 2004 tóku gildi nýjar alþjóðareglur um siglingavernd. Sérsveitin fræddi lögreglumenn um hlutverk og skipulag lögreglunnar vegna siglingaverndar og voru nokkur námskeið haldin hjá lögregluembættunum vegna þessa. Þá sá sérsveitin um fræðslu á nokkrum námskeiðum á vegum Siglingastofnunar fyrir þá starfsmenn sem gegna öryggisstörfum í höfnum landsins.

Alþjóðleg lögreglustörf

Einn lögreglumaður var við friðargæslu í Bosníu og Hersegóvínu á árinu. Hann starfar á vegum Evrópusambandsins sem yfirtók starfsemi Sameinuðu þjóðanna þar í landi árið 2002.

Umferðarmál

Árið 2004 voru starfsmenn er sérstaklega unnu að umferðarmálum átta og sinntu þeir bæði eftirliti á sérútbúnum bifreiðum og eftirliti með stærri ökutækjum í samstarfi við Vegagerðina. Yfir sumarmánuðina var fjölgað um tvo starfsmenn vegna aukinnar umferðar um þjóðvegina.

Umferðardeild hafði fimm lögreglubifreiðar til umráða, tvær búnar hraðamyndavélum og tvær með „Eyewitness"-tækjum sem taka myndir af hraðakstursbrotum og öðrum umferðarlagabrotum.

Vegagerðin sagði upp samningi sínum við embætti ríkislögreglustjóra um sameiginlegt umferðareftirlit frá og með árslokum 2004. Síðustu mánuði ársins þurfti að flytja fjóra starfsmenn til annarra starfa innan lögreglunnar því að sértekjur til þess að standa undir samstarfinu við Vegagerðina féllu niður í fjárlögum ársins 2005. Þá voru þeir lögreglumenn sem sérstaklega sinna umferðarlöggæslu færðir í sérsveit ríkislögreglustjórans og manna þeir samningahóp sérsveitarinnar. Sveitin sem heild sinnir skipulögðu umferðareftirliti og með þessari skipan næst betri nýting mannafla og ökutækja, auk þess sem umferðareftirlit er skipulagt með markvissari hætti í samvinnu við lögregluliðin.

Á síðustu árum hefur aðstoðarbeiðnum frá lögregluembættunum fjölgað, sérstaklega á sumrin. Lögreglumenn hafa verið til aðstoðar þar sem vænta má fólksfjölda og aukinnar umferðar og má þar einkum nefna fyrstu helgi júlímánaðar og verslunarmannahelgina.

Þá er einnig haft samstarf við Lögregluskóla ríkisins um kennslu fyrir nemendur um umferðarmálefni.

Skráð voru 2.484 brot og verkefni á starfsmenn deildarinnar á síðasta ári (tafla 5). Flest voru vegna of hraðs aksturs (1.667) en einnig voru skráð 23 brot vegna of hraðs aksturs sérstakra tegunda ökutækja.

Tafla 5.
Fjöldi verkefna starfsmanna umferðardeildar árið 2004 eftir umdæmum.

	Of hraður akstur	Of hraður akstur– sérstök gerð ökutækja	Ökuskírteini ekki meðferðis	Önnur umferðarlagabrot	Önnur brot og verkefni	Alls
Akranes	3		1	10	0	**14**
Akureyri	37			5	1	**43**
Blönduós	45	1	1	7	2	**56**
Bolungarvík				2	1	**3**
Borgarnes	375	6	6	55	5	**447**
Búðardalur	4			0	0	**4**
Eskifjörður	38		10	22	0	**70**
Hafnarfjörður	13		1	149	9	**172**
Hólmavík	14		1	4	0	**19**
Húsavík	26	1	3	4	3	**37**
Hvolsvöllur	158	2	4	11	3	**178**
Höfn	22	2	1	5	2	**32**
Ísafjörður	7			7	1	**15**
Keflavík	70	1	1	29	2	**103**
Kópavogur	264		3	18	3	**288**
Patreksfjörður	15			4	2	**21**
Reykjavík	81	1	7	210	26	**325**
Ríkislögreglustjórinn	2			0	4	**6**
Sauðárkrókur	54	1	2	3	2	**62**
Selfoss	322	5	17	77	3	**424**
Seyðisfjörður	46	2	2	20	0	**70**
Snæfellsnes	22		1	13	0	**36**
Vík	49	1	3	3	3	**59**
Alls	**1.667**	**23**	**64**	**658**	**72**	**2.484**

Tækja- og búnaðarmál

Fata- og tækjamál

Á árinu tók til starfa starfshópur til þess að endurskoða fata- og tækjamál lögreglunnar. Hópinn leiðir yfirlögregluþjónn hjá ríkislögreglustjóranum en í honum eru einnig fulltrúar tilnefndir af stjórn Sýslumannafélagsins, lögreglustjóranum í Reykjavík og Landssambandi lögreglumanna. Hópnum er ætlað að setja fram tillögur um nýjungar og framtíðarsýn varðandi sérbúnað lögreglumanna, lögreglubifreiða og lögreglustöðva.

Ökutæki

Bílamiðstöð ríkislögreglustjóra leggur áætlun fyrir bílanefnd ríkisins ár hvert fyrir hönd embættisins um endurnýjun ökutækja lögreglu. Þar er tilgreint hvaða gerðir ökutækja óskað er eftir að verði keyptar og hvaða ökutæki á að endurnýja.

Samtals voru keypt 18 ný ökutæki á árinu og endurnýjuð hjá lögreglustjóranum í Reykjavík, Akranesi, Sauðárkróki, Ólafsfirði, Blönduósi, Akureyri, Kópavogi, Ísafirði, Patreksfirði, Keflavíkurflugvelli, Selfossi og Hvolsvelli, auk embættis ríkislögreglustjóra. Einnig voru nokkur ökutæki færð milli embætta vegna óska þar um og vegna bilana og tjóna. Á árinu var sem áður lögð áhersla á endurnýjun á sérbúnaði ökutækjanna og viðbótum. Keypt voru 5 upptökutæki í lögreglubíla af „Eyewitness"-gerð, 14 radartæki og 10 fullkomnar talstöðvar.

Samtals var 152 ökutækjum lögreglu ekið 5.483.629 km árið 2004. Kostnaður vegna tjóna á ökutækjum var um 6.624.584 kr. og minnkaði hann því um 1.600.000 kr. frá fyrra ári. Viðhaldskostnaður dróst einnig saman á seinasta ári og verður þessi sparnaður notaður til kaupa á nýjum ökutækjum.

Fulltrúar bílamiðstöðvarinnar heimsóttu lögregluembætti og þjónustuaðila við ökutæki á árinu með tilliti til mögulegra úrbóta í ökutækjamálum. Mikil áhersla er lögð á nána samvinnu milli embættanna og bílamiðstöðvarinnar.

Fjarskiptamiðstöð

Verkefnum hjá fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra (FML) fjölgaði lítillega frá fyrra ári. Á árinu bárust FML 66.215 símtöl frá Neyðarlínunni. Símtölum og aðstoðarbeiðnum sem bárust beint frá lögregluembættum utan núverandi þjónustusvæðis FML fjölgaði einnig, sem eykur enn möguleika á samhæfingu og nýtingu lögreglutækja og lögreglumanna. Ökutækjum í ferilvöktunarkerfinu hefur fjölgað á árinu og hefur kerfið sannað gildi sitt sem tæki til þess að tryggja yfirsýn og samhæfingu. Öll lögregluliðin geta nýtt sér kortagrunna kerfisins og má sem dæmi nefna að settar hafa verið inn loftmyndir af höfnum landsins.

Opnað var húsnæði fyrir varastöð FML á lögreglustöðinni á Akureyri í október og í framhaldi af því var unnið að útfærslu starfseminnar.

Þann 9. september undirritaði dómsmálaráðuneytið viðbótarsamning við rekstraraðila Tetra-fjarskiptakerfisins um áframhaldandi rekstur kerfisins og stækkun fjarskiptasvæðisins. Hafist var handa við stækkun kerfisins með því að bæta umdæmum lögreglustjóranna í Vestmannaeyjum, Vík, Borgarnesi, á Hvolsvelli, Akranesi, Ísafirði og Akureyri við kerfið. Unnið er að því að búa embættin Tetra-fjarskiptabúnaði og taka þau inn í þjónustu FML.

Á árinu tók FML þátt í tveimur stórum flugslysaæfingum, sem bæði voru vel heppnaðar og gagnlegar. Sú fyrri var haldin í maí á Reykjavíkurflugvelli og hin seinni í nóvember á Keflavíkurflugvelli.

Almannavarnadeild

Ríkisstjórnin samþykkti að veita 44 milljónum króna til ákveðinna verkefna í tengslum við hugsanleg eldgos í Mýrdals- og Eyjafjallajökli. Fjárveitingin skiptist á árin 2004 og 2005 og er hún ætluð til áhættugreiningar, gerðar forvarnaáætlunar, viðbragða- og rýmingaráætlunar, fjarskiptamála og frekari rannsókna, samkvæmt verkáætlun. Áætlanagerðin gekk vel á árinu og er búist við að verkinu ljúki um mitt ár 2005.

Almannavarnadeildin á fagleg samskipti við aðila erlendis á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Atlantshafsbandalagsins, Evrópusambandsins og Norðurlandanna. Ísland fer með formennsku í NORDRED (Norræna almannavarna- og björgunarsamningn-um) frá maí 2003 til þriggja ára og í starfshópi EFTA um öryggismál (EFTA Working Group on Civil Protection) frá júní 2004, til tveggja ára. Þá voru nokkrir vinnufundir haldnir á árinu vegna svonefnds RETINA-verkefnis með samstarfsaðilum innanlands og erlendis.

Á árinu var FORESIGHT-rannsóknarverkefninu hleypt af stokkunum en það er einnig styrkt af Evrópusambandinu (ESB) og snýst um að rannsaka samspil eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla og flóðbylgna (Tsunami). Fjórar þjóðir taka þátt í verkefninu, sem, auk Íslendinga, eru Frakkar, Portúgalar og Tyrkir. Á Íslandi taka Norræna eldfjallastöðin, Veðurstofa Íslands, Jarðvísindastofnun Háskólans og Íslenskar orkurannsóknir þátt í verkefninu, auk almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra.

Vefsíðan almannavarnir.is var endurhönnuð og aðlöguð útliti lögregluvefsins en þessir vefir koma til með að vera að hluta til tengdir, þ.e. notendur geta skráð sig á póstlista frá báðum vefjunum og fréttir sem birtast á almannavarnir.is birtast einnig á logreglan.is. Á nýja vefnum munu almannavarnanefndir geta skráð sig inn á lokað svæði, sem gerir þeim m.a. mögulegt að breyta boðleiðum nefnda og nefndarmanna. Þessar upplýsingar flytjast svo sjálfkrafa í gagnagrunn viðbragðsaðila sem vistaður er hjá 112. Almannavarnanefndirnar bera ábyrgð á að upplýsingar um þær og nefndarmenn séu ávallt réttar. Í lok árs var vinnan enn í gangi en fyrirhugað er að vefurinn verði opnaður í byrjun árs 2005.

Viðlagahandbókin er samvinnuverkefni almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, Rauða kross Íslands, Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Landssambands sjúkraflutninga- og slökkviliðsmanna, Eitrunarmiðstöðvar Landspítala — háskólasjúkrahúss, forvarnadeildar ríkislögreglustjóra og Neyðarlínunnar. Í mars var Viðlagahandbókin sett á vefsíður allra aðila sem að henni stóðu. Viðlagahandbók inniheldur leiðbeiningar um forvarnir og viðbrögð við atburðum sem geta komið fyrir á heimilum og eru þess eðlis að bregðast þarf við þeim fljótt og örugglega. Því eru fjölskyldur hvattar til að undirbúa sig með því að lesa viðlagahandbókina í sameiningu, ræða atburði sem geta orðið og æfa það sem hægt er.

Unnið var að gerð séráætlana fyrir þrjá flugvelli á árinu, Reykjavík, Ísafjörð og Keflavíkurflugvöll. Allar þessar áætlanir eru á lokastigi og reiknað er með að endanleg útgáfa þeirra komi út á fyrri hluta ársins 2005.

Á árinu voru haldin vettvangsstjórnarnámskeið, tvö í Reykjavík og eitt á Ísafirði, og sóttu alls 75 nemendur þessi námskeið. Verkefnið er samvinnuverkefni Lögregluskólans, Brunamálaskólans, Björgunarskóla Slysavarnafélagsins Landsbjargar og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra.

Á árinu hófust viðræður við Slysavarnafélagið Landsbjörg um hugsanlegt samstarf í fjarskiptamálum og hafa þær viðræður þróast í þá átt að fleiri aðilar en áður koma að þeim. Stefnt er að því að á árinu 2005 verði teknar ákvarðanir um skipan fjarskiptamála almannavarna til framtíðar.

Starfsmenn almannavarnadeildar brugðust við 16 atburðum á árinu og í flestum þeirra var Samhæfingarstöðin virkjuð (tafla 6). Eftir hvern atburð er skrifuð aðgerðaskýrsla þar sem fram kemur upptalning á atburðum og lýsing á atburðarás ásamt þeim lærdómi sem af aðgerðinni má draga. Þegar um stærri atburði er að ræða fara fulltrúar frá stofnuninni á fund með helstu stjórnendum og þátttakendum til þess að fara yfir aðgerðirnar.

Tafla 6.
Fjöldi atburða sem almannavarnadeild sinnti árið 2004.

Tegund vár	Dagsetning	Atburður
Flugatvik	6. janúar	Viðbúnaður á Keflavíkurflugvelli vegna Boeing 777-200 þotu með bilaðan hreyfil.
Jarðskjálftar	7. og 8. janúar	Jarðskjálftar í austanverðum Hengli.
Flugatvik	11. janúar	Viðbúnaður á Keflavíkurflugvelli vegna Boeing 767-300 þotu sökum reykjarlyktar í farþegarými.
Ofanflóð	12. – 17. janúar	Snjóflóðahætta á Norðurlandi og Vestfjörðum. Snjóflóð féllu utan byggðar.
Ofanflóð	14. janúar	Snjóflóð féll á bæinn Bakka í Ólafsfirði. Einn maður lést.
Ofanflóð	2. – 5. febrúar	Snjóflóðahætta á Norðurlandi og Seyðisfirði.
Óveður	7. febrúar	Fjöldi manns lenti í vandræðum vegna óveðurs og ófærðar, bæði á Héraði og við Kárahnúka.
Hópslys	20. febrúar	Umferðarslys. Tveir létust og fimm slösuðust.
Flugatvik	7. maí	Viðbúnaður á Keflavíkurflugvelli vegna flugfarþega sem olli vandræðum um borð.
Flugatvik	13. maí	Viðbúnaður á Keflavíkurflugvelli vegna Boeing 777 þotu með skerta lendingarhæfni.
Sprengiefni	2. júlí	Tundurdufl lenti í nót veiðiskips á Austfjarðamiðum.
Jökulhlaup	30. október	Skeiðarárhlaup.
Eldgos og jökulhlaup	1. nóvember	Eldgos í Grímsvötnum og jökulhlaup í Skeiðará.
Hópslys	11. nóvember	Umferðarslys. Fimm slösuðust.
Eldsvoði	22.–23. nóvember	Eldsvoði í um 2.000 tonna hjólbarðastafla í Sundahöfn í Reykjavík.
Óveður	23. desember	Snjóflóðahætta á Norðurlandi.

Svið 3

Starfsmannamál

Heildarfjöldi starfsmanna hjá embætti ríkislögreglustjóra í byrjun árs 2004 var 81, þar af voru tvær tímabundnar stöður lögreglumanna vegna aukinna verkefna í efnahagsbrotadeild. Þann 1. mars 2004 fluttust 16 lögreglumenn í sérsveit frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík til embættis ríkislögreglustjóra og með því varð fjöldi starfsmanna við embættið samtals 97. Árið 2003 var heildarfjöldi starfsmanna 79, þar af voru tvær tímabundnar stöður lögreglumanna og ein staða lögfræðings. Fastráðið var í þessar stöður á árinu 2004.

Á árinu 2003 var heildarfjöldi heimilaðra stöðugilda á landinu öllu samtals 693. Á árinu 2004 fjölgaði stöðugildum um 19, þar af 10 vegna færslu 16 sérsveitarmanna frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík til ríkislögreglustjóra. Aðrar stöður komu í hlut embættis ríkislögreglustjóra og lögreglustjóraembættanna á Blönduósi, Seyðisfirði, Eskifirði, Hvolsvelli, Hafnarfirði og Kópavogi.

Að öðru leyti er vísað í efni varðandi starfsmannamál í viðauka.

Skipulagsmál

Tölvumál

Eins og kynnt var í ársskýrslu 2003 gerði dómsmálaráðuneytið samning á því ári við Skýrr hf. um smíði nýs lögreglukerfis og við verkfræðistofuna VKS hf. um umsjón og eftirlit með verkinu. Vinnan hófst í apríl 2003 með þátttöku starfsmanna ríkislögreglustjórans og annarra lögregluembætta. Stefnt var að því að taka nýja lögreglukerfið í notkun þann 1. október 2004 en tafir urðu á verkinu sem leiddu til þess að ekki var hægt að taka það í notkun á árinu.

Sektarkerfið

Árið 2004 voru send út 35.719 sektarboð sem er nokkur fækkun frá árinu á undan þegar þau voru 37.823. Sektað var vegna 38.812 brota, í flestum tilvikum fyrir of hraðan akstur eða 20.519 sinnum.

Öfugt við útsend sektarboð fjölgaði útsendum sektargerðum lítillega á árinu 2004 eða í 2.949 úr 2.929 árið 2003. Alls voru sendar út sektargerðir vegna 3.222 brota, í flestum tilvikum vegna ölvunar við akstur (705 brot) en einnig vegna of hraðs aksturs (685 brot). Þá var sektað vegna 551 brots sem varðaði vörslu eða neyslu fíkniefna, sem er talsverð fjölgun frá fyrra ári.

Árið 2004 fækkaði þeim sem sviptir voru ökuréttindum á grundvelli punktafjölda um rúmlega 47%, eða úr 72 í 38.

Eins og fyrri ár voru karlmenn í miklum meirihluta þeirra sem sviptir voru ökuréttindum, eða 89,5%, og voru liðlega 59% þeirra 20 ára eða yngri (mynd 4).

Mynd 4.
Fjöldi þeirra sem hafa fengið staðfesta umferðarpunkta 2002 til 2004, greint eftir aldri.



Útgáfa ökuskírteina

Árið 2004 voru gefin út samtals 27.386 ökuskírteini og voru gild ökuskírteini þá orðin 173.774. Lögreglustjórinn í Reykjavík gaf út flest ökuskírteini árið 2004, eða 11.813, þar á eftir komu embætti lögreglustjórans í Hafnarfirði (2.749 skírteini) og í Kópavogi (2.631 skírteini). Af heildarfjölda útgefinna ökuskírteina voru 4.247 svokölluð bráðabirgðaskírteini en þau gilda í tvö ár og eru gefin út þegar umsækjendur fá ökurétt-indi í fyrsta sinn.

Áfengis- og vopnalagamál

Á síðasta ári voru gefin út 52 leyfi sem falla undir ákvæði áfengislaga. Þetta er örlítil fækkun milli ára en 56 leyfi voru gefin út árið 2003. Við lok árs voru í gildi fimm leyfi til framleiðslu áfengis, 96 vegna innflutnings og heildsölu og 82 til kaupa á etanóli, spiritus fortis og fleiri efna til iðnaðar (tafla 7). Þetta er nokkur aukning frá árinu á undan er 83 leyfi voru í gildi vegna innflutnings og heildsölu og 67 vegna kaupa á efnum til iðnaðar.

Tafla 7.
Fjöldi gildra leyfa sem falla undir ákvæði áfengislaga við lok árs 2004.

Eðli leyfis	Gild leyfi	Þar af veitt á árinu
Framleiðsluleyfi	5	1
Innflutnings- og heildsöluleyfi	96	33
Leyfi til að kaupa og nota etanól, spiritus fortis o.fl. vegna iðnaðar	82	18
Alls	**183**	*** 52**

*Þar af 16 vegna endurnýjunar eldri leyfa. Fimm fyrirtæki hættu verslun með áfengi á árinu.

Vopnalög

Á síðasta ári voru 45 fyrirtæki með gild leyfi til að versla með skotvopn og skotfæri. Gefin voru út 587 leyfi eða heimildir til leyfisveitinga á grundvelli vopnalaga, sem er nokkur fjölgun frá árinu á undan er þau voru 514. Munar þar mestu um fjölgun á alþjóðlegum innflutningsleyfum fyrir skotvopnum og skotfærum til eigin nota en þau fóru úr 45 árið 2003 í 162 árið 2004 (sjá viðauka).

Hlutir í skotvopn hafa ekki verið tilgreindir sérstaklega í yfirliti um innflutning hingað til. Önnur vopn en skotvopn hafa hingað til ekki heldur verið tilgreind áður en leyfi fyrir þeim eru veitt samkvæmt undanþáguákvæðum 30. gr. vopnalaga.

Svið 4

Stór hluti starfsemi sviðsins á árinu laut að ýmiss konar tölfræðilegum úttektum, samantektum, fræðilegum rannsóknum og útgáfu. Einnig var lögð aukin vinna í úttektir sem varða innri málefni lögreglunnar og stefnumótun í forvarnamálum. Þá var höfð forysta um vinnu sem hefur að markmiði að koma í veg fyrir að skipulögð glæpastarfsemi nái fótfestu á Íslandi. Samstarf embættisins við lögregluliðin og aðrar stofnanir og samtök í forvarna- og fíkniefnamálum var með hefðbundnum hætti. Unnið var með tölvudeild embættisins að undirbúningi á nýju málaskrárkerfi. Sem fyrr var fræðslu sinnt fyrir nema í Lögregluskóla ríkisins varðandi forvarnir, aðgerðir í fíkniefnamálum og tæknirannsóknir. Þá voru sóttar ráðstefnur og fundir erlendis er varða þau málefni sem falla undir sviðið. Heildarfjöldi skráðra viðfangsefna á sviðinu voru 673 sem er um 27% fækkun frá árinu á undan. Skýrist þetta að stórum hluta af breyttu fyrirkomulagi tæknirannsókna. Fjöldi viðfangsefna annarra en tæknistofu var 332, samanborið við 380 árið á undan. Skýrist það m.a. af því að fyrirspurnum til embættisins hefur fækkað, að því er virðist vegna aukins almenns aðgangs að upplýsingum á heimasíðu embættisins á Internetinu.

Tæknistofa

Tæknistofa ríkislögreglustjóra hefur verið að aðlagast breyttu hlutverki í kjölfar þess að forræði samanburðarrannsókna var fært frá embættinu til lögreglustjórans í Reykjavík með breytingu á lögreglulögum.

Unnið var að endurgerð reglna ríkislögreglustjóra um vettvangs- og tæknirannsóknir, og töku og vörslu fingrafara og ljósmynda. Þá eru allar samanburðarrannsóknir komnar til tæknideildar lögreglustjórans í Reykjavík, ásamt umsjón með skriftarrannsóknum og DNA-rannsóknum, sem framkvæmdar eru erlendis. Enn fremur var unnið að uppfærslu handbóka um tæknirannsóknir. Eitt umfangsmesta viðfangsefnið var aðstoð og samvinna við tæknideild lögreglunnar í Reykjavík er lík fannst í Norðfjarðarhöfn. Að auki hefur tæknistofan veitt ýmsa ráðgjöf og faglegt álit. Mörg verkefni ársins vörðuðu með einhverjum hætti erlend samskipti. Heildarfjöldi skráðra viðfangsefna tæknistofu á árinu var 341, samanborið við 544 árið á undan. Gróf skipting þeirra er: 176 vegna fingrafararannsókna, 38 vegna aðstoðar, aðallega við lögregluembættin, 24 vegna DNA-rannsókna, 32 vegna ýmissa fyrirspurna og 71 mál varðar önnur viðfangsefni.

Kennslanefnd (ID-nefnd)

Tveimur málum var vísað til kennslanefndar ríkislögreglustjóra (ID-nefndar) á árinu 2004, hinu fyrra þegar kafarar fundu lík í Norðfjarðarhöfn en seinna málið kom upp á Sauðárkróki þar sem ungur karlmaður fórst í eldsvoða.

Árlegur fundur norrænu kennslanefndanna var haldinn í Noregi en næsti fundur verður hér á landi. Þjóðirnar hafa á síðustu árum unnið saman að því að skrifa forrit sem safnar upplýsingum um horfna menn og ber þær saman við gögn sem skráð eru um lík þeirra sem finnast. Forritið hefur nú verið endurbætt og getur nú einnig nýst við hópslysaskráningu.

Fíkniefnastofa

Ríkislögreglustjóri og tollstjórinn í Reykjavík endurnýjuðu samstarfssamning lögreglu og tollgæslu í fíkniefnamálum frá árinu 1999 með nokkrum breytingum sem gerðar voru í ljósi fenginnar reynslu.

Nokkuð var um fyrirspurnir um stöðu fíkniefnamála, bæði erlendis og innan lands. Í mörgum tilfellum er um að ræða hefðbundnar árlegar fyrirspurnir en einnig samantektir ýmiss konar sem oft kallar á töluverða vinnu. Má m.a. nefna samantekt sem

unnin var fyrir dómsmálaráðuneytið vegna fyrirspurnar til dómsmálaráðherra á Alþingi, þar sem tekið var fræðilega á nokkrum þáttum þessa málaflokks, auk samantektar á ítarlegum tölfræðiupplýsingum.

Samantekt fíkniefnastofu leiðir í ljós að lögregluembættin hafa lagt aukna áherslu á þennan málaflokk, svo sem með meiri afskiptum af ætluðum seljendum og neytendum fíkniefna. Frá því að markmið þar um voru sett árið 2002 hefur tilvikum þar sem lagt hefur verið hald á fíkniefni fjölgað um 75%.

Á miðju ári veitti „Saman-hópurinn“, sem er samstarfsvettvangur margra aðila í forvarnamálum, lögreglunni og tollgæslunni skriflega viðurkenningu fyrir vel unnin störf og góðan árangur í baráttunni gegn ólöglegum vímuefnum. Embætti ríkislögreglustjóra veitti viðurkenningunni viðtöku fyrir hönd allra lögregluembætta í landinu.

Forvarnir

Gengi tengd kynþáttahatri / unglingagengi

Embætti ríkislögreglustjóra er í samstarfi við stofnanir Reykjavíkurborgar um athugun á hópamyndun unglinga og kynþáttahatri. Meðal annars hefur verið farið reglulega um hverfi borgarinnar til að leita upplýsinga um hópamyndun og skoða stöðu mála innan hverfanna. Með þessu er leitast við að ná góðri yfirsýn yfir stöðu mála, auk þess að bæta og samræma starf ólíkra stofnana m.a. með gerð viðbragðsáætlana.

Verkefnamiðuð löggæsla (VML)

Ríkislögreglustjóri hóf á síðasta ári vinnu við mat á möguleikum á að innleiða verkefnamiðaða löggæslu í samstarfi við lögregluembættin. Þröstur Olaf Sigurjónsson, aðjunkt við Háskólann í Reykjavík, var ráðinn til að halda utan um verkefnið og vinna mat á mögulegum innleiðingarferlum í samstarfi við lögregluna. Einn þáttur í verkefninu felst í því að gefa út skýrslu þar sem grunnþættir hugmyndafræði VML eru kynntir og lagðir til mögulegir verkferlar. Þá var unnið að því að skoða stöðu og þróun afbrota innan allra lögregluumdæma. Verkefnið var kynnt á fundi í Lögregluskóla ríkisins í desember og útfærsla þess og möguleikar á að innleiða það ræddir.

Samstarf ríkislögreglustjóra og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Ríkislögreglustjóri og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga undirrituðu sameiginlega viljayfirlýsingu þann 30. apríl 2004. Í henni voru sett skýr markmið fyrir lögregluembættin um það hvernig efla megi samstarf lögreglu og sveitarfélaga. Í viljayfirlýsingunni er ákvæði um samráðshóp ríkislögreglustjóra og stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um málefni lögreglu og sveitarfélaga. Tilgangur samstarfsins er m.a. að vinna sameiginlega að fækkun afbrota og slysa, öruggara samfélagi og velferð barna og ungmenna. Samráðshópurinn var skipaður í kjölfarið og voru haldnir tveir fundir á árinu.

Varnir gegn skipulagðri glæpastarfsemi

Í byrjun árs skipaði ríkislögreglustjóri stýrihóp til að leita leiða til þess að koma í veg fyrir að alþjóðleg glæpasamtök nái fótfestu á Íslandi. Í hópnum eru fulltrúar frá embætti ríkislögreglustjóra, lögreglunni í Hafnarfirði, Kópavogi og Reykjavík, sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli og tollstjóranum í Reykjavík. Hópurinn skilaði ríkislögreglustjóra skýrslu í byrjun júní þar sem fram komu ýmsar mikilvægar upplýsingar og tillögur. Ríkislögreglustjóri kynnti Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra niðurstöður skýrslunnar. Ráðherrann ákvað að taka tillögurnar til ítarlegrar athugunar og hefur þegar falið ríkislögreglustjóra að hrinda í framkvæmd þeim tillögum sem snúa að embætti hans með áframhaldandi starfi stýrihópsins, mótun heildarstefnu á þessu sviði, gerð úttekta og eflingu innra samstarfs lögreglu, auk samvinnu við sveitarfélög og stofnanir. Efnið var tekið fyrir á árlegum fundi ríkislögreglustjóra með lögreglustjórum og síðan einnig með öðrum yfirmönnum lögreglu og tollgæslu. Þá var dr. Jón Óttar Ólafsson afbrotafræðingur ráðinn til embættisins til að gera úttekt á félagslegum áhættuþáttum skipulagðrar glæpastarfsemi á Íslandi. Þeirri vinnu lauk á árinu. Enn fremur var aflað upplýsinga um skipulagða glæpastarfsemi með því að sækja ráðstefnu og námskeið um málefnið á vegum Europol.

Útgáfa

Á þeim sjö árum sem liðin eru frá stofnun embættis ríkislögreglustjóra hefur embættið tekið miklum breytingum, ekki síst vegna nýrra viðfangsefna sem falla vel að starfsemi þess að mati löggjafans. Var því ákveðið að gefa út kynningarrit um embættið, enda er mikilvægt að þeir sem starfa innan réttarvörslukerfisins og aðrir hafi góðan aðgang að upplýsingum um embættið og lögregluna í heild. Ritið var einnig gefið út á ensku. Þá var *Ágrip af sögu lögreglunnar*, sem ríkislögreglustjóri gaf út árið 2003, gefið út á ensku.

Tekin var saman sérstök gæðahandbók fyrir starfsmenn embættisins með ýmsum gagnlegum upplýsingum, svo sem reglum, leiðbeiningum, skipuriti embættisins, starfslýsingum og bæklingi með þeim markmiðum sem embættið setti sér fyrir árin 2004 og 2005. Handbókin var einnig sett inn á innri vef embættisins. Með þessu var aðgangur starfsmanna að upplýsingum aukinn og markmiðum sem sett voru í byrjun ársins var þannig fylgt eftir.

Útgáfa ársskýrslu embættisins og afbrotatölfræði vegna ársins 2003 var með hefðbundnu sniði, að öðru leyti en því að í skýrslu um afbrotatölfræðina voru teknar inn upplýsingar um kærða einstaklinga, auk yfirlita yfir afbrot eftir landshlutum. Var þetta m.a. gert til að auka möguleika lögregluembættanna til að móta stefnu og setja fram markmið um fækkun afbrota.

Tölfræðiupplýsingar

Á síðustu árum hefur mikil áhersla verið lögð á að birta tölfræðiupplýsingar með þeim hætti að þær geti annars vegar verið hagnýtar fyrir dagleg störf lögreglu en einnig til að vinna að rannsóknum sem veitt geta aukna þekkingu á afbrotum og mögulegum aðferðum til að vinna gegn þeim. Þá hefur aukist að gerðar séu sérstakar samantektir, svo sem fyrir lögregluembættin til að vinna að stefnumótun og markmiðasetningu.

Þá keypti ríkislögreglustjóri hugbúnað sem gerir það mögulegt að birta upplýsingar um afbrot á landakorti. Einnig er hægt að skoða aðrar upplýsingar samhliða, svo sem upplýsingar úr þjóðskrá og ökutækjaskrá og upplýsingar flokkaðar eftir svæðum.

Fórnarlambakönnun

Rannsókn á reynslu Íslendinga af afbrotum hófst á árinu í samstarfi embættisins og dr. Helga Gunnlaugssonar, prófessors við Háskóla Íslands. Verkefnið hlaut styrk frá RANNÍS en dómsmálaráðuneytið, ríkislögreglustjóri, Norræna sakfræðiráðið (NSfK) og rannsóknasjóður Háskóla Íslands styrkja verkefnið einnig fjárhagslega. Þetta er tímamótarannsókn og ætti að vera mjög gagnleg því að hún verður gerð samtímis í öllum Evrópulöndunum, auk nokkurra annarra landa. Þannig fást samanburðarhæfar upplýsingar um stöðu afbrota, auk þess sem með rannsókninni fást einnig upplýsingar sem nýta má til forvarna.

Rannsókn á viðhorfum til forvarnastarfs lögreglu

Rannsóknafyrirtækið Hugheimar vann rannsókn á viðhorfum ungs fólks til forvarnastarfs lögreglu og aðgengi þeirra að fíkniefnum fyrir embætti ríkislögreglustjóra. Rannsóknin er hluti af stærri rannsókn sem ber heitið *Hugmyndir ungs fólks um forvarnir* og var unnin af Jóhönnu Rósu Arnardóttur og Elísabetu Karlsdóttur.

Helstu niðurstöður varðandi forvarnir eru þær að 87% fólks á aldrinum 18–20 ára hefur fengið fræðslu hjá lögreglu. Flestir muna eftir fræðslu um umferðarreglurnar og fíkniefni og eru almennt ánægðir með hana. Þá var viðhorf til lögreglunnar jákvætt og fram kom að forvarnafræðsla hvetji til jákvæðni í garð lögreglu.

Þá kom fram að 62% svarenda sögðu að þeim hefðu verið boðin fíkniefni, flestum í samkvæmum, á skemmtistöðum eða í miðbæ viðkomandi sveitarfélags.

Rannsókn á ránsbrotum

Embættið réði M.A.-nema í félagsfræði til að fara í gegnum allar skýrslur er snúa að ránum frá 1999 til 2004 og búa til gagnagrunn þar sem helstu atriði eru tekin markvisst saman. Vinnunni fyrir embættið á að ljúka vorið 2005 og verður þá komin mjög góð yfirsýn yfir öll þau rán sem framin hafa verið á framangreindu tímabili en markmið þessarar vinnu er m.a. að afla upplýsinga sem nýta má til að sporna gegn slíkum brotum.

Viðhorfskönnun meðal lögreglumanna

Á árinu 2004 var gerð viðhorfskönnun meðal lögreglumanna um starfsumhverfi þeirra. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann könnunina fyrir Landssamband lögreglumanna, Lögregluskóla ríkisins, embætti ríkislögreglustjóra og Sýslumannafélag Íslands, með stuðningi dómsmálaráðuneytisins. Í viðhorfskönnuninni kom fram að 59% lögreglumanna eru mjög eða frekar ánægðir með þær breytingar sem lögreglulögin höfðu í för með sér en þau tóku gildi 1. júlí 1997. Um 70% þeirra þátttakenda sem höfðu stjórnun að aðalstarfi voru mjög eða frekar ánægðir með nýju lögin, 61% þeirra sem sinntu aðallega almennri löggæslu og 45% þeirra sem höfðu rannsóknir sem meginstarfssvið. Viðhorfskönnunin tók til margra þátta lögreglustarfsins og í kjölfar hennar skipaði ríkislögreglustjóri vinnuhóp undir stjórn formanns Sýslumannafélags Íslands, til að fara yfir könnunina og huga að úrbótum á starfsumhverfi lögreglumanna.

Innra eftirlit

Ýmsar athuganir fóru fram sem varða innri málefni lögreglunnar. Þar má til dæmis nefna hvernig framfylgt hefur verið fyrirmælum ríkislögreglustjóra um varnir gegn hryðjuverkum, hvernig staðið hefur verið að meðferð og vörslu muna sem lögregla leggur hald á og úttektir varðandi meðferð, vörslu og eyðingu fíkniefna og rekstur fíkniefnaleitarhunda. Þetta leiddi í sumum tilvikum til breytinga á fyrirkomulagi við framkvæmd reglna.

Heimasíða ríkislögreglustjórans

Haldið var áfram að vinna efni inn á heimasíðu embættisins á Internetinu, með sérstakri áherslu á enska útgáfu síðunnar. Er nú hægt að nálgast ítarlegar upplýsingar á ensku á heimasíðunni um lögregluna á Íslandi, stöðu og þróun afbrota og fræðilegar rannsóknir.

Svið 5

Rannsókn og saksókn

Störf sviðsins eru mjög fjölbreytileg þrátt fyrir að verulegur hluti verkefna efnahagsbrotadeildarinnar frá ári til árs séu stórir málaflokkar, svo sem skattsvikamál. Stöðugt koma kærumál og viðfangsefni til kasta efnahagsbrotadeildarinnar þar sem reynir á álitaefni sem ekki hafa verið til úrlausnar hjá lögreglu, ákæruvaldi og dómstólum áður. Það hefur verið lögð á það áhersla allt frá stofnun embættis ríkislögreglustjóra að við störf hjá efnahagsbrotadeildinni væru reyndir og vel menntaðir rannsóknarlögreglumenn og lögfræðingar. Á þeim grunni hefur verið byggt en jafnframt lögð mikil áhersla á að sækja nýja þekkingu og auka við reynslu starfsmanna deildarinnar. Í upphafi skólaárs 2004–2005 voru fimm af starfsmönnum efnahagsbrotadeildar í námi í háskólum bæði hér á landi og erlendis í viðskipta- og rekstrarfræðum, auk sérhæfðara náms í lögreglufræðum og á sviði rannsókna og saksóknar í efnahagsbrotum. Nám á sviði viðskipta í víðasta skilningi, auk lögreglufræða og lögfræði, er nauðsynlegt til þess að viðhalda og auka þekkingu þeirra sem starfa við rannsókn og saksókn efnahagsbrota og er litið á það sem markmið að á hverjum tíma sé hluti starfsmanna í námi sem er til þess fallið að auka þekkingu og færni í starfinu.

Í ársskýrslum fyrri ára hefur verkefnum deildarinnar verið gerð skil með því að fjalla um þá málaflokka sem eru til meðferðar til þess að gefa yfirlit um starfsemina á árinu. Að þessu sinni er sérstaklega fjallað um skattsvikamál, auk tölvubrota og skyldra mála.

Skattsvikamál sem komið hafa til rannsóknar og ákæru hjá efnahagsbrotadeild á árunum 1998 til og með 2004

Áður hefur verið að því vikið í ársskýrslum embættis ríkislögreglustjóra að rannsókn og meðferð skattsvikamála hjá lögreglu sé dæmi um málaflokk sem kalla má nýjan. Með þessu er ekki verið að segja að þessi brot hafi ekki áður verið saknæm. Skattsvik hafa lögum samkvæmt verið refsiverð og brot á skattalögum hafa varðað sektum og fangelsisrefsingum í nær hálfa öld, auk álags sem skattkerfið getur lagt á. Með því að segja málaflokkinn nýjan er vísað til þess að fyrir árið 1997 voru skattsvikamál sem refsimál aðeins fá á ári. Þau voru nálægt einum tug á árunum 1980 til 1990 og þar áður allt niður í eitt á tíu ára tímabili. Á þeim tíma tók allt að áratug að fá endanlega niðurstöðu í mál frá upphafi þess innan skattkerfisins þar til endanlegur dómur gekk í því sem sakamáli.

Í yfirliti yfir öll skattsvikamál sem efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjórans hefur haft til meðferðar frá og með árinu 1998 kemur fram að á árunum 1998–2004 hafa verið

gefnar út ákærur í samtals 176 málum. Í 155 þeirra liggja dómar fyrir en 20 ákærur sem gefnar voru út í árslok 2004 eru til meðferðar fyrir dómstólunum.

- Í öllum þessum 176 málum er samanlögð vanframtalin virðisaukaskattskyld velta talin nema tæplega þremur milljörðum króna en heildarfjárhæð skattsvikanna nærri 1,3 milljörðum.
- Í þeim 155 málum þar sem dómur liggur fyrir hafa verið dæmdar sektir sem eru samtals kr. 1.222.593.000.
- Við meðferð málanna var upplýst að meðalbrotatími skattsvika var u.þ.b. 2 ár, stysta tímabilið var einn mánuður en það lengsta átta ár.
- Samtals hafa 219 einstaklingar og sjö fyrirtæki verið ákærð í þessum málum.
- Í þeim málum sem er lokið hefur 191 einstaklingur verið ákærður og 187 sakfelldir. Ekki hefur verið dæmt í 20 málum og varða þau alls 28 einstaklinga.
- Fjórtán einstaklingar hafa verið ákærðir og dæmdir oftar en einu sinni. Einn einstaklingur hefur verið ákærður og sakfelldur þrisvar sinnum fyrir skattsvik á sex ára tímabili.
- Sakfellt var í öllum málunum en í fjórum málum var einn ákærðra sýknaður en aðrir sakfelldir. Þá var ákvörðun refsingar frestað í fjórum málum og í einu máli var ekki dæmd refsing þrátt fyrir að viðkomandi væri talinn hafa framið það brot sem ákært var fyrir. Í einu tilviki var fallið frá ákæru vegna skattsvika við aðalmeðferð málsins.
- Í 57 tilfellum hefur, auk skattsvika, verið ákært fyrir bókhaldsbrot, í sjö málum var einnig ákært fyrir brot gegn öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga og í einu þessara tilvika var einnig ákært fyrir brot gegn tollalögum.
- Meðferðartími skattsvikamála hefur styst verulega. Meðferðartími þeirra skattvikamála sem borist hafa með kæru síðustu misseri er innan við 12 mánuðir frá því að kæra berst þar til dómur gengur í héraðsdómi, ef frá eru talin örfá hinna allra stærstu skattsvikamála.

Tölvubrot og ýmis brot gegn höfundarrétti, auðkennaréttindum og ýmsum skyldum réttindum

Vernd réttinda samkvæmt höfundarrétti er mjög skyld vörumerkjarétti, sem byggist á því að hugverk er framleitt og markaðssett í því skyni að skapa verðmæti. Brot gegn höfundar- og vörumerkjarétti beinast ekki aðeins að rétthafanum eða þeim sem framleiðir vörurnar heldur er kaupandinn oft og tíðum blekktur og fær hann þá lélegri vöru og gerist óafvitandi þátttakandi í að brjóta gegn rétti þolandans. Fjölda óhappa og slysa hefur mátt rekja til varahluta og vöru sem talin hefur verið upprunaleg útgáfa sem síðan hefur reynst vera ódýrari og lélegri eftirlíking sem ekki uppfyllir þær kröfur sem til vörunnar voru gerðar. Mikið af þessari vöru kemur frá ríkjum Asíu, s.s. Kína og Tælandi.

Efnahagsbrotadeild hefur frá stofnun sinni haft það hlutverk að taka til rannsóknar brot á lögum um höfundarrétt og skyld réttindi. Þannig gerðu starfsmenn deildarinnar húsleit hjá 12 einstaklingum í tengslum við rannsókn á ætluðum brotum gegn höfundarrétti á Internetinu í september sem samkvæmt kæru virtust stórfelld. Rannsóknin, sem stendur enn yfir, beinist að hópi u.þ.b. 100 einstaklinga sem héldu úti svokölluðu

„Peer to Peer"-skráaskiptaneti á Internetinu. Með hugbúnaði sem heitir DC++ og er notaður í þessu skyni deildu meðlimir hópsins með sér nálægt 100 terabætum (TB) af efni sem samanstóð að mestu af kvikmyndum, tónlist, tölvuleikjum og tölvuforritum. Forritið DC++ gerði þeim kleift að opna aðgang að hörðum diskum tölva sinna fyrir öðrum í hópnum, gegn því sama. Með forritinu gátu aðrir í hópnum nálgast efnið beint með tölvu sinni, valið úr því það sem þeim hugnaðist og hlaðið það niður. Hópurinn setti það sem skilyrði fyrir inngöngu í hann að nýir meðlimir gætu boðið upp á að lágmarki 50 gígabæti (GB) af efni.

Brot af þessu tagi hafa á seinni árum orðið stærra vandamál en áður samfara auk-

inni útbreiðslu ADSL-tenginga með aukinni bandbreidd og hraðvirkari flutningi efnis en áður. Hagsmunir rétthafa þessa efnis eru miklir því að hluti þess sem deilt er á Internetinu með þessum hætti eru kvikmyndir sem enn hafa ekki verið sýndar í kvikmyndahúsum, heldur hafa eintök af þeim verið tekin ófrjálsri hendi eða einhver sem kom að framleiðslu þeirra eða dreifingu afritað þær. Efninu er síðan dreift á Internetinu um allan heim á nokkrum klukkustundum eða dögum, þar á meðal til hópa eins og þess sem hér um ræðir. Annað sem verður að hafa í huga í þessu sambandi er að hópar þessir eru oft opnir öllum þeim sem uppfylla tiltölulega væg skilyrði og efni sem þar er boðið til niðurhals er oft mjög mikið. Til dæmis deildi sá umsvifamesti í umræddum hópi u.þ.b. 2,5 TB af efni, en það jafngildir þúsundum kvikmynda eða hundruðum þúsunda tónlistarskráa, svo að dæmi sé tekið.

Þar sem hagnaður af framleiðslu kvikmynda er oft ekki nema fá prósent af heildarinnkomu af sölu þeirra getur ólögmæt dreifing á Internetinu þurrkað upp þann hagnað með þeim afleiðingum að kvikmyndaframleiðsla dregst almennt saman. Eins skerðir ólögmæt dreifing á tónlist tekjur listamanna og útgefenda, sem í tilfelli íslenskra tónlistarmanna eru ekki það miklar að þeir þoli mikla skerðingu. Sem dæmi um sambærilega hegðun mætti hugsa sér að sett væri upp þjónusta víðs vegar um landið þar sem hverjum sem er væri boðið upp á að koma og sækja sér að kostnaðarlausu myndbandsspólur, tónlistardiska og forrit eins og hann lysti. Sennilega er auðveldara að skilja að slíka hegðun verði að stoppa enda eyðilegði hún starfsemi löglegra myndbandsleiga, tónlistarverslana og seljenda forrita. Raunin er þó sú að tæknin hefur þróast þannig að tónlist og kvikmyndir eru á stafrænu formi og því eru sennilega fleiri sem vilja fá tónlist og kvikmynir beint í tölvuna sína og njóta hennar þar en á gamla mátann á spólum eða diskum. Horfur eru á að á næstu árum muni tölvutækni, fjarskipti, sjónvarp, myndbandsleiga og Internetið renna að

miklu leyti saman í eitt. Af því mun verða almennt hagræði en því fylgir óhjákvæmilega að hin ólögmæta dreifing á efni verður bæði auðveldari og eftirsóknarverðari fyrir þá sem þannig hugsa og vandinn því fylgjandi verður við það stærri en áður.

Þau réttindi sem varin eru af höfundarréttarlögum eru mjög skyld vörumerkjarétti og byggjast á því sem kalla má nútímaframleiðslu og -viðskiptahætti þar sem nýttir eru sköpunarhæfileikar, þekking og markaðssetning til að skapa verðmæti. Á síðari áratugum hefur mikilvægi þessara hagsmuna í viðskiptum á alþjóðamarkaði aukist. Mikið er talað um þekkingarþorp, hönnun, listir og fleira því skylt í almennri umræðu og vona margir að vægi þessara þátta í viðskiptalífi þjóðarinnar aukist og þjóðin verði ekki eins háð hráefnisframleiðslu, eins og fiskveiðum og stóriðju, og áður. Til þess að svo geti orðið verða þessar atvinnugreinar að njóta sömu lágmarksverndar og aðrar og beita verður t.d. eignarrétti almennt gegn ólögmætri framleiðslu og dreifingu á eftirlíkingum og afritum.

Auk þess máls sem nú er til rannsóknar hefur deildin rannsakað og ákært í tveimur málum þar sem seljendur einkatölva höfðu afritað höfundarréttarvarinn hugbúnað inn á tölvurnar og seldu hann án tilskilinna leyfa, án rétthafaskírteina og geisladiska. Sakfellt var í báðum málunum.

Þá hafa verið rekin tvö mál vegna brota gegn vörumerkjarétti og samkeppnislögum með innflutningi og sölu á eftirlíkingum á erlendri merkjavöru. Í fyrra tilvikinu var um að ræða innflutning og sölu á klæðnaði sem merktur var þekktu vörumerki. Vörurnar voru fluttar inn frá Hong Kong og seldar í stórmarkaði. Mál þetta var það fyrsta hér á landi þar sem reyndi á refsiákvæði laga um vörumerki. Síðan hefur komið upp eitt mál þar sem einstaklingur og fyrirtæki hans voru sakfelld fyrir innflutning og sölu á íþróttaklæðnaði með merkjum þekktra framleiðenda íþróttavöru. Varninginn flutti fyrirtækið inn frá Tælandi og seldi í Kolaportinu, auk tölvuleikja og kvikmynda á geisladiskum. Sakfellt var í báðum málunum.

Rannsóknaraðstoð

Á ári hverju veitir efnahagsbrotadeildin lögregluembættunum aðstoð við rannsókn stærri og alvarlegri mála, fyrir hönd embættis ríkislögreglustjórans. Auk hefðbundinnar vinnu rannsóknarlögreglumanna felst aðstoð einnig í úrlausn lögfræðilegra málefna og kröfugerða fyrir dómi, og tölvurannsóknum. Á árinu 2004 var u.þ.b. 5.000 vinnustundum varið til rannsóknaraðstoðar af þessu tagi sem jafngildir tæplega þremur stöðugildum.

Svokallað „líkfundarmál“, þegar lík óþekkts manns fannst pakkað í plast í höfninni í Neskaupstað í febrúar, var tímafrekasta einstaka rannsóknaraðstoðarverkefnið á árinu. Í því tilviki var um að ræða alvarlegt og flókið viðfangsefni sem krafðist skjótra viðbragða við rannsókn. Strax í upphafi var ljóst að rannsóknin kallaði á fjölda rannsóknarlögreglumanna og lögfræðinga til þess að afla upplýsinga með hraði og til að vinna úr þeim. Auk lögreglunnar á Eskifirði og starfsmanna efnahagsbrotadeildarinnar komu að rannsókninni með ýmsum hætti lögreglumenn frá tæknistofu og alþjóðadeild embættisins, tækni- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík og lögreglumenn víðar að. Má ætla að fyrstu tvær vikur rannsóknarinnar hafi vel á fjórða tug lögreglumanna og lögfræðinga unnið í lengri eða skemmri tíma að rannsókn málsins, sem heita má að hafi tekist að upplýsa á tveim vikum.

Eins og kunnugt er var um að ræða lík manns frá Litháen sem kom til Íslands í því skyni að smygla innvortis umtalsverðu magni af amfetamíni. Fíkniefnin gengu ekki niður um meltingarveg mannsins og gerðu þá vitorðsmenn hans tilraun til þess að koma honum sárþjáðum í flug frá Íslandi. Maðurinn lést af völdum fíkniefnanna sem voru föst í meltingarveginum. Vitorðsmennirnir fluttu lík mannsins til Neskaupstaðar til þess að koma því fyrir, sem þeir gerðu með því að pakka því inn og varpa í höfnina.

Viðauki 1

Fjöldi við störf

Tafla 8.
Fjöldi við störf* í upphafi árs 2004 samkvæmt skrá ríkislögreglustjóra.

	Yfirlögregluþjónn	Aðstoðaryfirlögregluþjónn	Aðalvarðstjóri / Lögreglufulltrúi	Varðstjóri / Rannsóknarlögreglumaður	Aðstoðarvarðstjóri	Lögreglumaður	**Samtals menntaðir lögreglumenn**	Afleysingarmaður	**Samtals lögreglumenn**	Héraðslögreglumaður	Lögreglunemi	**Alls**
Akranes	1		1	4		6	**12**		**12**			**12**
Akureyri	1	1	1	10	4	14	**31**		**31**	1		**32**
Blönduós	1			3		2	**6**		**6**	7		**13**
Bolungarvík			1	1			**2**		**2**	3		**5**
Borgarnes	1			3	1	3	**8**		**8**	3		**11**
Búðardalur				1			**1**		**1**	4		**5**
Eskifjörður	1		2	3	1	3	**10**		**10**	11		**21**
Hafnarfjörður	2	2	1	11	5	18	**39**		**39**			**39**
Hólmavík				1	1		**2**		**2**	2		**4**
Húsavík	1			4	1	4	**10**	1	**11**	4		**15**
Hvolsvöllur			1	2		3	**6**		**6**	3		**9**
Höfn				1	1	2	**4**		**4**	5		**9**
Ísafjörður	1		1	5		5	**12**	1	**13**	3		**16**
Keflavík	1	2	8	6	4	15	**36**		**36**			**36**
Keflavíkurflugvöllur	1	3	13	6	1	23	**47**		**47**			**47**
Kópavogur	1	1	1	9	2	12	**26**		**26**			**26**
Lögregluskólinn	2		6				**8**		**8**		39	**47**
Ólafsfjörður			1	1			**2**		**2**	2		**4**
Patreksfjörður			1	1		2	**4**		**4**	4		**8**
Reykjavík	2	8	22	126	1	112	**271**		**271**			**271**
Ríkislögreglustjóri	3	10	32	14			**59**		**59**			**59**
Sauðárkrókur	1		1	4		3	**9**		**9**	7		**16**
Selfoss	1	1	1	8	3	14	**28**		**28**			**28**
Seyðisfjörður				4	2	1	**7**		**7**	9		**16**
Siglufjörður			1	1		2	**4**		**4**	3		**7**
Snæfellsnes	1			2	1	5	**9**		**9**	6		**15**
Vestmannaeyjar	1		1	4		7	**13**		**13**			**13**
Vík			1	1		1	**3**		**3**	3		**6**
Alls	**23**	**28**	**97**	**236**	**28**	**257**	**669**	**2**	**671**	**80**	**39**	**790**

*Um er að ræða alla þá sem eru á launaskrá óháð því hvort þeir eru frá störfum vegna tímabundinna veikinda eða af öðrum sökum.

Samkvæmt starfsmannaskrá ríkislögreglustjóra voru í upphafi árs 2004 samtals starfandi 671 lögreglumenn á landinu öllu, þar af tveir afleysingarmenn án prófs frá Lögregluskóla ríkisins (tafla 8). Á sama tíma árið 2003 voru 19 afleysingarmenn starfandi hjá lögreglu og 53 árið 2002. Auk þess voru í upphafi árs 2004 starfandi 80 héraðslögreglumenn og 39 lögreglunemar.

Tafla 9.
Fjöldi starfandi lögreglumanna við upphaf árs, 2002 til 2004, greint eftir embættum.

	2004	2003	2002
Akranes	12	12	12
Akureyri	31	30	31
Blönduós	6	6	7
Bolungarvík	2	2	2
Borgarnes	8	8	8
Búðardalur	1	1	1
Eskifjörður	10	9	9
Hafnarfjörður	39	40	40
Hólmavík	2	2	2
Húsavík	11	9	9
Hvolsvöllur	6	3	4
Höfn	4	4	3
Ísafjörður	13	13	14
Keflavík	36	37	37
Keflavíkurflugvöllur	47	47	52
Kópavogur	26	28	27
Lögregluskólinn	8	8	7
Ólafsfjörður	2	2	2
Patreksfjörður	4	4	4
Reykjavík	271	282	283
Ríkislögreglustjóri	59	59	54
Sauðárkrókur	9	9	8
Selfoss	28	28	26
Seyðisfjörður	7	7	8
Siglufjörður	4	4	4
Snæfellsnes	9	9	8
Vestmannaeyjar	13	12	12
Vík	3	3	4
Alls	**671**	**678**	**678**

Þegar fjöldi lögreglumanna 2002 til 2004 er borinn saman milli embætta má sjá að þeim fækkaði um sjö milli ára (tafla 9).

Hlutfall kvenna (65) af heildarfjölda starfandi lögreglumanna (671) var 9,7% við upphaf árs 2004 sem er svipað hlutfall og árið á undan (tafla 10).

Tafla 10.
Fjöldi við störf við upphaf árs, 2002 til 2004, eftir stöðu og kyni.

	2004		2003		2002	
	Karl	Kona	Karl	Kona	Karl	Kona
Yfirlögregluþjónn	23		24	0	22	0
Aðstoðaryfirlögregluþjónn	27	1	28	1	30	1
Aðalvarðstjóri / Lögreglufulltrúi	89	8	87	7	83	4
Varðstjóri / Rannsóknarlögreglumaður	224	12	222	15	222	10
Aðstoðarvarðstjóri	28		38	0	50	3
Lögreglumaður	214	43	203	34	165	25
Afleysingarmaður	1	1	18	1	49	14
Samtals lögreglumenn	**606**	**65**	**620**	**58**	**621**	**57**
Héraðslögreglumaður	76	4	81	4	91	6
Lögreglunemi	31	8	27	13	36	12
Samtals	**713**	**77**	**728**	**75**	**748**	**75**

Meðalaldur starfandi lögreglumanna við upphaf árs 2004 var tæplega 42 ár sem er hærra en árin á undan er meðalaldur var nær 41 ári. Meðalaldur nema í Lögregluskólanum var 27 ár, sem er svipað og árið á undan er meðalaldur lögreglunema var 26 ár.

Mynd 5 sýnir aldursdreifingu lögreglumanna við störf við upphaf árs 2004. Myndin sýnir vel hversu ólík aldurssamsetningin er meðal karla annars vegar og kvenna hins vegar enda hafa hlutfallslega mun fleiri konur en karlar hafið störf á síðustu árum.

Mynd 5. *Aldursdreifing karla og kvenna sem voru við störf við upphaf árs 2004.*



Viðauki 2

Tafla 11.
Leyfi sem gefin eru út hjá embættinu skv. vopnalögum.

Eðli leyfis	2004	2003	2002	2001
Starfsleyfi og endurnýjun á leyfum til að flytja inn og versla með skotvopn og skotfæri	9	16	6	12
Starfsleyfi fyrir skotvopnasafni	4	1	3	1
Starfsleyfi til að versla með skotelda	1	2	1	
Starfsleyfi til að flytja inn sprengiefni til eigin nota	3	1		
Starfsleyfi til að flytja inn og versla með sprengiefni	0	2		
Starfsleyfi til að kenna hleðslu skotfæra	2			
Viðurkenning á skotíþróttafélagi	1	2	1	
Viðurkenning á litboltafélagi	1	1	1	
Innflutnings- og skammtímaskotvopnaleyfi fyrir útlendinga	111	102	140	117
Skammtímaleyfi til að flytja skotvopn á milli landa um Ísland	7	1	2	9
Skammtímaleyfi til að flytja inn og nota vopn, eftirlíkingar og sprengiefni við kvikmyndagerð	113		2	
Alþjóðlegt innflutningsleyfi fyrir vopnum og skotfærum til eigin nota	162	45	53	63
Alþjóðlegt innflutningsleyfi fyrir vopnum sem safngripum	0	2	2	2
Alþjóðlegt innflutningsleyfi fyrir skotvopn og skotfæri til endursölu (einstakar pantanir)	87	148	168	156
Útflutningsleyfi fyrir skotvopn tímabundið	8	98	68	81
Útflutningsleyfi fyrir skotvopn varanlega	19	11	21	10
Útflutningsleyfi fyrir keppnisboga og önnur vopn tímabundið	19	24	8	9
Heimild til að gefa leyfi fyrir skammbyssu vegna íþróttaskotfimi	10	18	28	20
Heimild til að gefa leyfi fyrir skammbyssu vegna atvinnu	8	3	4	9
Heimild til að gefa leyfi fyrir vopnum á vopnasafn	2	4	26	17
Heimild til að nýskrá eldri vopn sem ekki fundust á skrá	20	7	1	4
Umsókn um innflutning eða að eignast vopn synjað	0	25	5	8
Umsókn á endurnýjun leyfis til að versla með skotfæri synjað		1		
Samtals	**587**	**514**	**540**	**518**

Tafla 12.
Fjöldi gildra starfsleyfa sem falla undir ákvæði vopnalaga við lok árs 2004.

Eðli leyfis	Fjöldi leyfa
*Verslun með skotvopn og skotfæri	45
Skotvopnaframleiðsla (viðgerðir)	2
Skotfæraframleiðsla	1
Kennsla í hleðslu skotfæra	2
Skotvopnasöfn	19
Skotíþróttafélög	17
Innflutningur og verslun með sprengiefni	2
Sprengiefnaframleiðsla til endursölu	0
Innflutningur sprengiefna til eigin nota	4
Innflutningur og verslun með skotelda	10
Skoteldaframleiðsla	1
Litboltafélög	8
Bogfimifélög	2
Samtals	**113**

*Alls hafa 45 fyrirtæki leyfi til að versla með skotvopn og skotfæri en aðeins 10 þeirra stunda þó innflutning á þessar vörur.

Tafla 13.
Yfirlit yfir fjölda innfluttra vopna og skotfæra á árinu 2004.

Tegund búnaðar	Til endursölu	Til eigin nota	Samtals innflutt
Haglabyssur	505	35	540
Rifflar	625	61	686
Skammbyssur	76	2	78
Loftbyssur	19	1	20
Hlutir í skotvopn	174	5	179
Önnur vopn en skotvopn	3	22	25
Litmerkibyssur		*43	43
Skotfæri	2.749.870	10.260	2.760.130

*Fyrir litboltafélög.